**ATH!** Einungis er hægt að breyta í gilda kennitölu, þ.e. nýja kennitalan þarf að vera til í Þjóðskrá svo hægt sé að breyta.

**Ógildri kennitölu hjá nemanda geta notendur breytt sjálfir í gilda knt. á eftirfarandi hátt:**

1. Í **heilsufarsskrá** nemanda er smellt á hnappinn **‚Breyta kennitölu‘** og virkjast þá kennitölureitur nemandans.

2. **Nýja kennitalan er þá slegin inn** en hún þarf að vera til í þjóðskrá til að hægt sé að skrá hana.

3. Eftir að nýja gilda kennitalan hefur verið slegin inn breytir Ískrá, nafni, kyni og heimilisfangi í samræmi við upplýsingar í þjóðskrá.

4. Ef örugglega á að skrá kennitöluna er smellt á **‚Til baka‘** og þá kemur upp viðvörunargluggi sem biður um staðfestingu á að breyta eigi knt. Smellt er á **‚yes‘** og þá er kennitölu breytt. Ef smellt er á ‚No‘ er farið til baka.

5. Ef hætta á við að breyta kennitölunni er hægt að smella á ‚Hætta við breytingu‘ og fara síðan úr glugganum á ‚Til baka‘ og þá helst gamla kennitalan áfram inni.







